



UMSÓKN UM

SAMGÖNGUVIÐURKENNINGU REYKJAVÍKURBORGAR 2017

Leitað er eftir umsóknum eða tilnefningum frá fyrirtækjum, félagasamtökum, stofnunum og einstaklingum. Dómnefndin byggir val sitt á árangri og aðgerðum sem fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir eða einstaklingar hafa gripið til í þeim tilgangi að t.d. einfalda starfsfólki að nýta sér aðra samgöngumáta en einkabílinn, draga úr umferð á sínum vegum og/eða stuðla að notkun vistvænna orkugjafa. Gátlistinn hér fyrir neðan er til að einfalda umsóknaraðilum gerð umsóknarinnar og auðvelda dómnefnd áreiðanlegan og réttmætan samanburð. Vinsamlegast svarið því sem við á og athugið að listinn er til viðmiðunar og ekki tæmandi.

Umsóknir og tilnefningar berist Reykjavíkurborg í síðasta lagi í lok dags 13. september næstkomandi, merktar „Samgönguviðurkenning“. Þær sendist á netfangið usk@reykjavik.is eða á póstfangið Borgartún 12-14, 105 Reykjavík.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Heiti fyrirtækis / stofnunar / félagasamtaka:

Heimilisfang:

Kennitala:

Stöðugildi í lok árs 2016:

Nafn og netfang tengiliðar:

GÁTLISTI:

Lýsið hvernig ferðavenjum starfsfólks er almennt háttað.

Hvernig eru ferðavenjur starfsfólks kannaðar og hvenær hófust slíkar mælingar?

Hvernig hafa ferðavenjur starfsfólks breyst í gegnum tíðina?

Er reglubundið verið að mæla heilsu og/eða fjarvistir starfsmanna? Ef svo er vinsamlegast lýsið nánar.

Er boðið uppá sveigjanlegan vinnutíma eða eitthvert fyrirkomulag til að starfsmenn geti ferðast til og frá vinnu utan annatíma?

Lýsið þeim fararskjótum sem eru í boði fyrir starfsfólk á vinnutíma, t.d. hvort hjól eða bílar séu tiltæk fyrir starfsfólk til vinnutengdra og/eða persónulegra ferða?

Lýsið þeirri aðstöðu sem er til staðar til að geyma reiðhjól.

Er aðstaða fyrir starfsfólk til að fara í sturtu og/eða til að skipta um föt í boði fyrir þá sem mæta til vinnu hjólandi eða gangandi?

Er hægt að nálgast strætómiða á vinnustað?

Hvernig er bílastæðamálum fyrirtækisins hagað til að hafa hvetjandi áhrif á virkan samgönguhátt starfsmanna?

Eru innstungur fyrir rafbíla og/eða hjól til staðar við vinnustaðinn?

Veitir fyrirtækið starfsfólki samgöngustyrk eða annan fjárhagslegan hvata til að nýta vistvænar samgöngur í ferðir til/frá vinnu? Ef svo er, hvernig er þeim hvatagreiðslum háttað?

Er fræðsla og/eða þjálfun í boði fyrir starfsfólk sem tengist virkum samgöngumátum, s.s. hjólafærni? Er sú fræðsla ókeypis og í boði á vinnutíma?

Annað sem þið viljið taka fram:

FYLGISKJÖL:

Afrit af gildandi stefnumörkun og þá sérstaklega samgöngustefnu og/eða umhverfisstefnu.
Valkvætt: kynningar-/fræðslufni varðandi virka samgöngumáta.